



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

SKOÐUN VIÐSKIPTARÁÐS 20. JÚNÍ 2006

ALÞINGI FÓR Í UM 90% TILVIKA EFTIR TILLÖGUM VIÐSKIPTARÁÐS

Starfsári Alþingis lauk 3. júní síðastliðin og höfðu þá 119 frumvörp, af þeim 234 sem lögð voru fram, orðið að lögum. Önnur frumvörp hafa þá dagð upp í meðförum þingsins og er nauðsynlegt að leggja þau fram að nýju á næsta þingi, ef vilji er til þess að þau verði að lögum.

Meðal mikilvægustu verkefna Viðskiptaráðs er að veita nefndum Alþingis umsagnir um frumvörp sem þær hafa til meðferðar. Viðskiptaráð veitti umsagnir um 57 frumvörp og 11 þingsályktunartillögur eða um 24% af heildarfjöld frumvarpa og 9% allra þingsályktunartillagna. Er þar yfirleitt um að ræða frumvörp sem varða viðskiptalífið með einhverjum hætti. Flestar umsagnarbeiðnir bárust frá viðskipta- og efnahagsnefnd, en nokkrar bárust einnig frá öðrum nefndum, t.d. sjávarútvegsnefnd, menntamálanefnd, iðnaðarnefnd og félagsmálanefnd. Starfsmenn Viðskiptaráðs voru einnig nokkrum sinnum boðaðir fyrir þingnefnd til að fjalla um afstöðu ráðsins til ýmissa mála.

Í nokkrum tilvikum hafði Viðskiptaráð frumkvæði að því að veita þinginu umsögn. Nokkrum sinnum var það vegna ábendinga frá fyrirtækjum sem eru aðilar að ráðinu. Í þeim tilfellum áttu viðkomandi fyrirtæki undir högg að sækja vegna löggjafar sem hefði haft slæm áhrif á rekstarskilyrði þeirra.

Athugun Viðskiptaráðs sýnir að Alþingi fór í 90% tilfella að hluta eða öllu leyti eftir tilmælum ráðsins. Það var því aðeins í 9 tilfellum sem Alþingi komst að gagnstæðri niðurstöðu. Í 8 af þeim tilfellum var fyrirsjáanlegt að ekki yrði farið að tilmælum ráðsins. Þar af voru fjögur þingmannafrumvörp sem ráðið studdi, en aðeins 5% þingmannafrumvarpa urðu að lögum. Þessi frumvörp vörðuðu lækkun olíugjalds, afnám skylduaðildar opinberra starfsmanna að stéttarfélögum, afnám banns við áfengisauglýsingum og sívinnslu skattframtala.

... Viðskiptaráð veitti umsagnir um 57 frumvörp og 11 þingsályktunartillögur eða um 24% af heildarfjöld frumvarpa og 9% allra þingsályktunartillagna...

... Alþingi fór í 90% tilfella að hluta eða öllu leyti eftir tilmælum ráðsins...

... VÍ lagðist m.a. gegn íþyngjandi reglum um starfsmannaleigur og stofnum sérstaks Kjararáðs ...

Í hinum 4 tilfellunum var um að ræða stjórnarfrumvörp sem ráðið lagðist gegn, en 83% stjórnarfrumvarpa urðu að lögum. Í þessum málum lagðist Viðskiptaráð gegn hækkun sjómannafláttar, íþyngjandi reglum um starfsmannaleigur, stofnun sérstaks Kjararáðs auk frumvarps sem gerði ráð fyrir að Veiðimálastofnun væri hvort tveggja í senn í samkeppni við einkaaðila og eftirlitsaðili gagnvart þeim.

Að neðan má finna ítarlegan og flokkaðan lista yfir umsagnir Viðskiptaráðs á árinu og hverjar lyktir einstaka þingmála urðu.

Nánari upplýsingar veita Davíð Þorláksson og Halldór Benjamín Þorbergsson hjá Viðskiptaráði Íslands í síma 510-7100.

Mál	Tillaga VÍ	Afdrif máls	Farið að tilmælum VÍ?
5. mál Þingsálit. um aðgerðir til að endurheimta efnahagslegan stöðugleika	Hafnað	Ekki samþ.	Já
12. mál Frumv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt	Breyting	Ekki samþ.	Að hluta til
17. mál Frumv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða	Hafnað	Ekki samþ.	Já
18. mál Frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda	Samþykkt	Samþykkt	Já
22. mál Þingsálit. um fjárhagslegan aðskilnað í rekstri útgerðar og fiskvinnslu	Hafnað	Ekki samþ.	Já
26. mál Þingsálit. um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um "gjaldfrjálsan" leikskóla	Hafnað	Ekki samþ.	Já
27. mál Þingsálit. um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórkerfisins	Hafnað	Ekki samþ.	Já
29. mál Þingsálit. um könnun á viðhorfum og væntingum til stjórnmalapáttöku, áhrif og valda kvenna	Hafnað	Ekki samþ.	Já
30. mál Frumv. um breytingu á lagaákvæðum sem varða bensígjald og oliugjald	Breyting	Ekki samþ.	Nei
31. mál Frumv. um breytingu á lögum um tekjuskatt	Hafnað	Ekki samþ.	Já
34. mál Þingsálit. um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum	Hafnað	Ekki samþ.	Já
36. mál Þingsálit. um aðgerðir til að bæta skil á fjármagnstekjuskatti	Samþykkt	Ekki samþ.	Nei
44. mál Frumv. um breytingu á lögum um Seðlabanka	Breyting	Ekki samþ.	Að hluta til
45. mál Frumv. um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla	Hafnað	Ekki samþ.	Já
51. mál Frumv. um breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna	Hafnað	Ekki samþ.	Já
58. mál Frumv. um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu	Hafnað	Ekki samþ.	Já
66. mál Þingsálit. um samkeppnisstöðu fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga	Samþykkt	Ekki samþ.	Já
71. mál Frumv. um breytingu á áfengislögum	Samþykkt	Ekki samþ.	Nei
77. mál Frumv. um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti	Hafnað	Ekki samþ.	Já
142. mál Þingsálit. um sívinnslu við skil skattframtala	Samþykkt	Ekki samþ.	Nei
212. mál Þingsálit. um leiðir til að auka fullvinnslu á fiski hérlendis	Hafnað	Ekki samþ.	Já
222. mál Frumv. um breytingu á höfundalögum	Samþykkt	Samþykkt	Já
267. mál Frumv. um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun	Hafnað	Ekki samþ.	Já
314. mál Frumv. um breytingu á lögum um hollustuhammi og mengunarmir	Samþykkt	Samþykkt	Já
326. mál Frumv. um breytingu á lögum um tekjuskatt	Hafnað	Samþykkt	Nei
327. mál Frumv. um breytingu á lögum um oliugjald og kílómetragjald o.fl.	Samþykkt	Samþykkt	Já
328. mál Frumv. um öflun sönnunargagna vegna ætlaðra brota á hugverkarettindum	Samþykkt	Samþykkt	Já
342. mál Frumv. um breytingu á lögum um verslunarvatninu	Samþykkt	Samþykkt	Já
345. mál Frumv. um breytingu á lögum um verslunarvatninu	Samþykkt	Samþykkt	Já
361. mál Frumv. um faggildingu o.fl.	Samþykkt	Samþykkt	Já
366. mál Frumv. um starfsmannaleigur	Hafnað	Samþykkt	Nei
371. mál Frumv. um breytingu á lagaákvæðum um lífeyrissjóði	Samþykkt	Samþykkt	Já
387. mál Frumv. um stofnun Matvælarannsóknna hf.	Breyting	Samþykkt	Að hluta til

Mál	Tillaga Ví	Afdrif máls	Farið að tilmælum Ví?
401. mál Frumv. um Ríkisútvarpið hf.	Hafnað	Ekki samþ.	Já
402. mál Frumv. um breytingu á lögum um Sinfionuhljómsveit Íslands	Hafnað	Ekki samþ.	Já
403. mál Frumv. um breytingu á lögum um aukatekjur ríkissjóðs	Samþykkt	Samþykkt	Já
404. mál Frumv. um breytingu á lögum um hlutafélög	Samþykkt	Samþykkt	Já
436. mál Frumv. um breytingu á lögum um hlutafélög	Hafnað	Ekki samþ.	Já
444. mál Frumv. um breytingu á lögum um hlutafélög	Breyting	Samþykkt	Að hluta til
445. mál Frumv. um breytingu á lögum um einkahlutafélög	Breyting	Samþykkt	Að hluta til
461. mál Frumv. um breytingu á lögum um einkahlutafélög	Samþykkt	Samþykkt	Já
462. mál Frumv. um breytingu á lögum um hlutafélög	Samþykkt	Samþykkt	Já
547. mál Þingsálit. um skattaumhverfi líknarféлага	Hafnað	Ekki samþ.	Já
556. mál Frumv. um breytingar á lagaákvæðum um fjármálaeftirlit	Samþykkt	Samþykkt	Já
594. mál Frumv. um evrópsk samvinnufélög	Samþykkt	Samþykkt	Já
612. mál Frumv. um Veðimálastofnun	Hafnað	Samþykkt	Nei
620. mál Frumv. um mælingar, mælingrunna og vigtarmenn	Samþykkt	Samþykkt	Já
622. mál Frumv. um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð bænda	Samþykkt	Samþykkt	Já
623. mál Frumv. um breytingu á lögum um tekjuskatt	Samþykkt	Samþykkt	Já
624. mál Frumv. um breytingu á lögum um virðisaukaskatt	Samþykkt	Samþykkt	Já
647. mál Frumv. um breytingu á lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða	Samþykkt	Samþykkt	Já
651. mál Frumv. um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka	Samþykkt	Samþykkt	Já
664. mál Frumv. um breytingu á höfundarlögum	Samþykkt	Samþykkt	Já
668. mál Frumv. um landmælingar og grunnkortagerð	Samþykkt	Samþykkt	Já
669. mál Frumv. um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga innan EES	Samþykkt	Samþykkt	Já
684. mál Frumv. um breytingu á lögum um hlutafélög	Samþykkt	Samþykkt	Já
709. mál Frumv. um breytingu á lögum um lausafjár-, þjónustu- og fasteignakaup.	Samþykkt	Samþykkt	Já
710. mál Frumv. um kjararáð	Hafnað	Samþykkt	Nei
730. mál Frumv. um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins	Hafnað	Ekki samþ.	Já
731. mál Frumv. um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun	Hafnað	Ekki samþ.	Já
732. mál Frumv. um breytingu á lögum um álagningu skatta og gjalda vegna alþjóðlegra viðskiptafélaga	Breyting	Samþykkt	Að hluta til
733. mál Frumv. um breytingu á tollalögum og lögum um tekjuskatt	Samþykkt	Samþykkt	Já
742. mál Frumv. um atvinnuleysisstryggingar	Breyting	Samþykkt	Að hluta til
743. mál Frumv. um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum	Samþykkt	Ekki samþ.	Nei
771. mál Frumv. um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagsvæðisins	Samþykkt	Samþykkt	Já
781. mál Frumv. um vinnumarkaðsaðgerðir	Breyting	Samþykkt	Að hluta til
793. mál Frumv. um breytingu á lögum um tekjuskatt	Samþykkt	Samþykkt	Já
794. mál Frumv. um breytingu á lögum um olflugjald, kílómetragjald o.fl.	Samþykkt	Samþykkt	Já